




AÐALSKIPULAG BLÁSKÓGABYGGÐAR 2015-2017

Breyting í Bryggju, frístundabyggð, verslun og þjónusta,
iðnaðarsvæði

04.06.2024



Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann _____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____

SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: _____ með athugasemdafresti til: _____

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: _____ með athugasemdafresti til: _____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____

UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

103364-01-GRG-001-V02

HÖFUNDUR

Ingibjörg Björt Sól Sveinsdóttir

RÝNT

Sólveig Olga Sigurðardóttir

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagsgögn	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	4
2.1	Gróður	5
2.2	Vatn	6
2.2.1	Vatnaáætlun	6
2.3	Fuglar	7
2.4	Fornminjar	7
3	TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	8
3.1	Tillaga til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2038	8
3.2	Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027	9
3.3	Samræmi breytingar við þingsályktun um landsskipulagsstefnu og aðalskipulag	9
3.4	Deiliskipulag	9
4	BREYTT AÐALSKIPULAG	10
5	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	11
5.1	Umhverfisþættir og áherslur	11
5.2	Valkostir	12
5.3	Umhverfisáhrif	12
5.4	Niðurstaða	13
6	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	14
6.1	Skipulagsferli	14

1 INNGANGUR

Bláskógabyggð vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Landeigendur Bryggju (L178475) óska eftir að breyta jörðinni úr landbúnaðarsvæði í frístundabyggð, verslunar- og þjónustusvæði og iðnaðarsvæði fyrir allt að 4,5 MW virkjun í Tungufljóti. Gert er ráð fyrir 28 ha frístundabyggð, 3 ha svæði fyrir verslun- og þjónustu þar sem heimild verður fyrir veitingar og gistingu og 3 ha iðnaðarsvæði fyrir virkjun. Jörðin er skráð 37 ha að stærð. Bæjarhóll Bryggju og svæði meðfram Biskupstungnabraut verður áfram landbúnaðarsvæði.

Að öðru leyti en því sem hér er greint frá gilda skilmálar gildandi aðalskipulags.

Send verður fyrirspurn um matsskyldu til Skipulagsstofnunar, í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, vegna fyrirhugaðrar virkjunar í Tungufljóti.

1.1 Skipulagsgögn

Gerð er breyting á greinargerð og sveitarfélagsupprætti. Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Gildandi og breyttur aðalskipulagsuppráttur í mkv. 1:50.000.
- Greinargerð þessi með forsendum og umhverfismatsskýrslu.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Jörðin Bryggja er í Bláskógabyggð, milli Tungufljóts og Almenningsár, norðan við Biskupstungnabraut. Um jörðina rennur Bryggjulækur. Norðan við Bryggju er Haukadalskógur og er skógræktargirðing í landamerkjum. Sunnan Biskupstungnabrautar er golfvöllur og frístundabyggð. Frístundabyggðin Torta er vestan Almenningsár. Bryggja fór í eyði 1927 og hefur landið verið friðað fyrir beit frá 1992. Túnið er um 2,5 ha, var síðast heyjað 1985 og er komið í órækt. Malarvegur liggur af Biskupstungnabraut meðfram Tungufljóti að Haukadalskógi og slóði er af honum að bæjarhól Bryggju. Á bæjarhólum eru sýnilegar minjar og gamalt tún umhverfis þær. Ekki verður hróflað við bæjarhólum. Brúarvirkjun í Tungufljóti er um 900 m norðan við Bryggju.

Markmið landeigenda er að nýta þau tækifæri sem eru til staðar á jörðinni. Svæðið er áhugavert fyrir frístundabyggð, bæði vegna nálægðar við Geysissvæðið og útivistarmöguleika á stígum í Haukadalskógi. Þá er talsverð umferð um Biskupstungnabraut, sem liggur sunnan svæðisins, og vilja landeigendur geta boðið upp á þjónustu fyrir þá. Auk þess er markmiðið að virkja Tungufljót og nýta raforkuna fyrir þá starfsemi og þau mannvirki sem verða byggð á Bryggju.



MYND 1. Bryggja er innan rauða hringsins og liggur að Tungufljóti, Biskupstungnabraut, Almenningsá (merkt Stekkjartúnsá á mynd) og Haukadalsskógi. Mynd af map.is.

2.1 Gróður

Á svæðinu er að finna tæplega 6 ha votlendi skv. kortlagningu Náttúrufræðistofnunar á náttúruvirkum sem njóta sérstakrar verndar. Bláskógabyggð vinnur að kortlagningu votlendis í sveitarfélaginu. Skv. drögum að henni er ekki að finna votlendi í Bryggju.

Á svæðinu er að finna vistgerðir með mjög hátt verndargildi: Starungsmýrarvist, tjarnarstararflóavist og runnamýrarvist á láglandi. Snarrótarvist og lyngmóavist á hálendi sem hafa hátt verndargildi. Aðrar vistgerðir með miðlungs eða lágt verndargildi eru: Hraungambrauvist, lúpína, stinnastararvist og víðimóavist. Norðan við Bryggju er Haukadalsskógur þar sem Skógræktin hefur stundað skógrækt um árabíl.

Landeigendur hafa stundað landgræðslu frá árinu 1990 á hluta svæðisins. Þar var áður að mestu grjót og landið lítt gróið. Sáð var lúpínu og beringspunti í svæðið og nú er fura farin að sá sér í það.



MYND 2. Horft yfir hluta skipulagssvæðisins í Bryggju. Sér í Haukadalskóg ofan við miðja mynd.

2.2 Vatn

Frá árinu 1986 hefur Tungufljót verið að mestu hrein bergvatnsá, en þá var rennsli jökulvatns úr Sandvatni stíflað og veitt um Sandá í Hvítá. Brúarvirkjun er í Tungufljóti skammt norðan við Bryggju. Í tengslum við gerð virkjunarinnar var rennsli mælt á nokkrum stöðum í ánni. Mælt rennsli við brúna á Biskupstungnabraut var $23 \text{ m}^3/\text{sek}$. en virkjað vatnsmagn í Brúarvirkjun er um $25 \text{ m}^3/\text{sek}$ ¹. Eigendur Bryggju vilja meina að vatnsmagn við brúna sé nokkuð meira en mælt rennsli. Með virkjun Tungufljóts við Bryggju skerðist rennsli í farvegi árinna frá stíflu miðlunarlóns og niður fyrir brúna á Biskupstungnabraut.

Lax, urriði og bleikja er í Tungufljóti og komst fiskur upp að Nátthagafossi fyrir tilkomu Brúarvirkjunar.

Landeigendur telja að um helmingur vatnsmagns í Tungufljóti renni vestan við svokallaðan Brúarstein, sem er hólmi í ánni. Til stendur að virkja þann hluta árinna sem er vestan Brúarsteins.

2.2.1 Vatnaáætlun

Í vatnavefsja er að finna eftirfarandi vatnshlot á skipulagssvæðinu, og er ástand þeirra eftirfarandi:

- Kerlingarfjöll – Hreppar 103-287-G. Vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand er gott.
- Tungufljót 2 – 103-616-R. Vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand er gott.

¹ Mannvit 2016. Brúarvirkjun, allt að 9,9 MW rennslisvirkjun í Biskupstungum Bláskógabyggð. Mat á umhverfisáhrifum. Matsskýrsla.

- Beiná/Stekkatúnsá – 103-768-R. Vistfræðilegt ástand er mjög gott og efnafræðilegt ástand gott.

2.3 Fuglar

Straumendur halda til á Tungufljóti og eru þær ein af ábyrgðartegundum Íslands. Á Tungufljóti finnast að jafnaði 15 straumandarkollur snemma sumars, það er um 0,4% af áætluðum varpstofni á landinu. Vegna byggingar Brúarvirkjunar í Tungufljóti, sem er nokkru ofar en Bryggja, var gerð úttekt á fuglategundum á svæðinu. Þar er að finna allar helstu fuglategundir sem eru hér á landi, s.s. lóu, hrossagauk, spóa, skógarþröst, grágæs, máva, straumendur, stokkendur og urtendur. Grágæsir og straumendur eru á válista.

Náttúrufræðistofnun hefur fylgst með straumöndum á Tungufljóti frá árinu 2017. [Niðurstöður](#) komu út 2022 og er skv. þeim óvíst hvort framkvæmdir við Brúarvirkjun hafi haft áhrif á straumendur á Tungufljóti. Breytileiki milli ára var mikill á þeim þáttum sem voru skoðaðir og því erfitt að draga ályktanir út frá stuttu vöktunartímabili.

2.4 Fornminjar

Aðalskráningu fornminja er lokið í þéttbýlunum þremur í Bláskógabyggð en ólokið í dreifbýlinu. Á minjavefsíðu Minjastofnunar Íslands eru merktir tveir minjastaðir innan Bryggju. Er um að ræða mannvirkjaleifar og holt. Á loftmynd af svæðinu (mynd 3) má sjá móta fyrir útlínum minja. Í deiliskipulagi skal gera grein fyrir þekktum minjum og setja skilmála um þær. Óheimilt er að hrófla við minjum án samráðs við Minjastofnun Íslands. Ekki er fyrirhugað að breyta landnotkun á bæjarhólnum eða byggja upp í nágrenni minja.

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdatíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, skal haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.



MYND 3. Minjasvæði Bryggju sem sést á loftmynd (map.is).

3 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Við vinnslu aðalskipulagsbreytingar og gerð deiliskipulags er einkum tekið mið af þeim áætlunum sem fjallað er um hér aftar.

3.1 Tillaga til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2038

Markmið um vernd umhverfis og náttúru

Skipulag í dreifbýli stuðli að því að draga úr hnignun vistkerfa og endurheimta vistkerfi sem hafa raskast, m.a. með stefnu um verndun og eflingu gróðurs og jarðvegs.

Við skipulagsgerð í dreifbýli verði lögð áhersla á að varðveita náttúru og menningarminjar sem hafa staðbundið eða víðtækara gildi út frá sögu, náttúrufari eða menningu og að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni.

Skipulag gefi kost á að nýta orkuauðlindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Mannvirki vegna orkuvinnslu falli sem best að landslagi og annarri landnotkun. Við greiningu á valkostum vegna nýrrar orkuvinnslu verði leitast við að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúru, landslag, menningarminjar og víðerni.

Skipulag miði að því að uppbygging og landnotkun falli sem best að heildarsvipmóti lands. Skipulagsákvæðanir um staðsetningu og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af byggingarhefðum, landslagi og staðháttum þar sem m.a. er hugað að kennileitum, sjónlínunum og útsýni. Sérstaklega verði vandað til hönnunar bygginga og annarra mannvirkja sem mynda ný kennileiti.

Markmið um velsæld samfélags

Við skipulagsgerð verði heilnæmt umhverfi í dreifbýli tryggt með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsméðhöndlun, hljóðvist og loftgæði.

Markmið um samkeppnishæft atvinnulíf

Við skipulagsgerð verði hugað að leiðum til að auka fjölbreytni atvinnulífs með tilliti til sjálfbærrar nýtingar lands, styrkleika svæða og þols gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.

Í skipulagi verði hugað að varðveislu landslags, bæði náttúrulegs og manngerðs, sem aðráttarfls fyrir ferðamenn.

Skipulagsákvæðanir um ráðstöfun lands til landbúnaðar og annarrar nýtingar byggist á flokkun landbúnaðarlands með tilliti til ræktunarskilyrða, auk landslagsgreiningar og vistgerðaflokkunar.

3.2 Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027

Stefna fyrir landbúnaðarsvæði

- Góð landbúnaðarsvæði verða áfram nýtt til landbúnaðar.
- Stuðla skal að verndun umhverfis og lífríkis fallvatna til að efla fiskgengd og veiðimöguleika.

Fyrir liggja drög að flokkun landbúnaðarlands í Bláskógabyggð. Þar er svæðið í flokki III sem er sæmilegt ræktunarland.

Stefna fyrir frístundabyggð

- Ný hverfi verði að jafnaði í tengslum við núverandi frístundabyggð.
- Frístundabyggð verði sem mest á samfelldum svæðum þannig að vegir og veitur nýtist sem best.
- Ný frístundasvæði verði ekki stærri en 25 ha innan hvernar jarðar. Nýir áfangar innan hvernar jarðar verða ekki teknir til skipulagsmeðferðar fyrr en minnst 2/3 hlutar fyrri áfanga hafa verið byggðir.
- Lóðastærðir skulu að jafnaði vera á bilinu 0,5-1,0 ha. Nýtingarhlutfall skal ekki vera hærra en 0,03.
- Stærð aukahúss/gestahúss getur verið allt að 40 m² og geymslu allt að 15 m². Þessar byggingar teljast með í heildarbyggingarmagni lóðar.
- Við deiliskipulag frístundabyggðar skal gera grein fyrir mögulegum flóttaleiðum vegna gróður- og kjarrelda.

Stefna fyrir verslun og þjónustu

- Stuðlað verði að nýjum atvinnutækifærum á sviði verslunar og þjónustu.

Stefna fyrir iðnaðarsvæði

- Stefnt er að byggingu minni virkjana þar sem aðstæður leyfa.
- Mannvirki vegna orkuvinnslu falli eins vel að landslagi og annarri landnotkun og mögulegt er.

Fráveita

- Öll byggð verði tengd viðurkenndum rotþróum.
- Sameiginleg fráveita verði þar sem þéttleiki byggðar, landslag og náttúrufarslegar aðstæður leyfa.

3.3 Samræmi breytingar við þingsályktun um landsskipulagsstefnu og aðalskipulag

Breytt aðalskipulag er metið í samræmi við landsskipulagsstefnu.

Breytingin er metin í samræmi við stefnu gildandi aðalskipulags. Landið flokkast sem sæmilegt ræktunarland og því er ekki verið að taka gott landbúnaðarland úr landbúnaðarnotum.

3.4 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu. Í kjölfar breytingar á aðalskipulagi verður unnið deiliskipulag.

4 BREYTT AÐALSKIPULAG

Gerð er breyting á greinargerð og skipulagsupprætti.

Reiknað er með að þau efnistökusvæði sem eru í gildandi aðalskipulagi verði nýtt til framkvæmda, auk mögulegs uppgrafter. Umfram uppgröftur, ef einhver er, verður nýttur innan svæðis eða í samráði við sveitarfélagið ef þarf að afsetja hann utan svæðis.

Fyrirhugað er að svæðið tengist vatnsveitu Bláskógabyggðar, verður nánar útfært í deiliskipulagi ásamt fráveitu og vegtengingu að svæðinu.

Breytingar á upprætti

Sett er inn nýtt frístundasvæði, nýtt verslunar- og þjónustusvæði og nýtt iðnaðarsvæði. Landbúnaðarsvæði minnkar samsvarandi.

Breytingar á greinargerð

TAFLA 1. Sett er inn nýtt svæði fyrir frístundabyggð.

NR	HEITI SVÆÐIS	LÝSING	JÖRÐ
F110	Bryggja	Heimilt er að vera með allt að 35 frístundalóðir. Óbyggt svæði. Heimilt er að byggja tvö hús á hverri lóð. Byggingarmagn allt að 150 m ² . Heimilt er að vera með gistingu í flokki I og II skv. reglugerð nr. 1277/2017. Heimilt er að gróðursetja íslenskar trjategundir, s.s. birki, víði og reyni. Við framkvæmdir skal forðast að raska landi og gróðri, eftir því sem hægt er. Aðkoma að svæðinu af Biskupstungnabraut skal útfærð í samráði við Vegagerðina. Í deiliskipulagi skal taka tillit til minja og helgunarsvæðis þeirra. Stærð 28 ha.	Bryggja

TAFLA 2. Sett er inn nýtt svæði fyrir verslun- og þjónustu.

NR	HEITI SVÆÐIS	LÝSING	JÖRÐ
Vp51	Bryggja	Heimilt er að vera með veitingar, gistingu fyrir allt að 40 gesti og þjónustu við ferðamenn og frístundabyggðina. Hámarks byggingarmagn er 1500 m ² . Stærð 3 ha.	Bryggja

TAFLA 3. Sett er inn nýtt iðnaðarsvæði.

NR	HEITI SVÆÐIS	LÝSING	JÖRÐ
I25	Bryggja	Heimilt er að vera með virkjun í Tungufljóti sem virkjar allt að 20 m fall. Gerð verður um 4 m há stífla í vesturhluta farveg Tungufljóts og myndast við það um 1 ha miðlunarlón. Virkjun kemur til með að nýta um 25 m ³ /sek og verða þá eftir í farvegi Tungufljóts um 10 m ³ /sek. Stöðvarhús verður neðanjarðar, rétt norðan við núverandi brú yfir Tungufljót. Vatn verður leitt í þrýstipípu um 450 m leið frá miðlunarlóni að stöðvarhúsi, frá stöðvarhúsi rennur vatn aftur út í farveg Tungufljóts. Heimilt er að framleiða allt að 4,4 MW. Áætlað er að tengja virkjunina inn á dreifikerfi RARIK, auk þess að nýta raforku fyrir frístundabyggð og þjónustu á Bryggju. Hámarks byggingarmagn er 500 m ² . Stærð svæðis er 3 ha.	Bryggja

5 UMhverfismatsskýrsla

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Með breytingunni er mörkuð stefna um framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umhverfisáhrif.

Send verður fyrirspurn um matsskyldu til Skipulagsstofnunar, í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, vegna fyrirhugaðrar virkjunar í Tungufljóti. Virkjunin fellur undir lið 3.15 í lögnum, þ.e. vatnsorkuver, utan þess sem fellur undir tölul. 3.02, með uppsett rafafli 200 kW eða meira.

5.1 Umhverfisþættir og áherslur

Skoðuð eru áhrif á þá umhverfisþætti sem tilgreindir eru í töflu 4.

TAFLA 4. Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið.

UMhverfisþáttur	MATSPURNING	VIÐMIÐ
Land og landslag <i>Ásýnd og yfirbragð.</i> <i>Landslag.</i>	Hefur stefnan áhrif á ásýnd og yfirbragð svæðis?	Stefna í aðalskipulagi. <ul style="list-style-type: none"> Öll mannvirki skulu falla sem best að náttúrulegu umhverfi á hverjum stað og gæta skal samræmis við nálægar byggingar. Mannvirki skulu ekki valda skaða á náttúru- eða menningarminjum. Pingsályktun um landsskipulagsstefnu 2024-2038 <ul style="list-style-type: none"> Skipulag miði að því að uppbygging og landnotkun falli sem best að heildarsvipmóti lands. Skipulagsákvæðanir um staðsetningu og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af byggingarhefðum, landslagi og staðhættum þar sem m.a. er hugað að kennileitum, sjónlínunum og útsýni. Sérstaklega verði vandað til hönnunar bygginga og annarra mannvirkja sem mynda ný kennileiti.
Vatn <i>Ár og vatnsfarvegur.</i> <i>Vatnshlot.</i>	Hefur stefnan áhrif á ár og vatnsfarvegi eða grunnvatn? Hefur stefnan áhrif á vatnshlot?	Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011. <ul style="list-style-type: none"> Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa þar sem þess er þörf til að vatn njóti heildstæðrar verndar.
Dýr <i>Búsvæði dýra.</i> <i>Fiskar og smádýr.</i>	Hefur stefnan áhrif á búsvæði dýra? Hefur stefnan áhrif á fugla? Hefur stefnan áhrif á fiska eða smádýr í vatni?	Válisti 2 Fuglar. Mikilvæg fuglasvæði skv. kortlagningu Ní. Bernarsamningurinn um verndun villtra plantna, dýra og lífsvæða.
Gróður <i>Gróðurlendi og vistkerfi</i>	Hefur stefnan áhrif á gróður og vistkerfi?	Stefna í aðalskipulagi. <ul style="list-style-type: none"> Góð landbúnaðarsvæði verða áfram nýtt til landbúnaðar. Pingsályktun um landsskipulagsstefnu 2024-2038 <ul style="list-style-type: none"> Skipulag í dreifbýli stuðli að því að draga úr hnignun vistkerfa og endurheimta vistkerfi sem hafa raskast, m.a. með stefnu um verndun og eflingu gróðurs og jarðvegs. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. <ul style="list-style-type: none"> Forðast ber að raska vistkerfum og jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar, skv. 61. gr.
Heilbrigði <i>Mengun, hávaði, umferð.</i>	Er hætta á mengun eða hávaða vegna stefnu skipulagsins?	Stefna í aðalskipulagi. <ul style="list-style-type: none"> Öll byggð njóti nægjanlegs og góðs neysluvatns.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
	Hefur stefnan áhrif á umferðar-öryggi?	<ul style="list-style-type: none"> Öll byggð verði tengd viðurkenndum rotþróum Þingsályktun um landsskipulagsstefnu 2024-2038. Við skipulagsgerð verði heilnæmt umhverfi í dreifbýli tryggt með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsméðhöndlun, hljóðvist og loftgæði.
Samfélag Íbúar. Atvinnulíf.	Hefur stefnan áhrif á íbúa? Hefur stefnan áhrif á atvinnu-tækifæri?	<p>Stefna í aðalskipulagi.</p> <ul style="list-style-type: none"> Að efla byggð og atvinnulíf. Stuðla að fleiri og fjölbreyttari atvinnutækifærum. Stefnt er að byggingu minni virkjana þar sem aðstæður leyfa. Þjónusta við ferðamenn verði eflað og afþreyingarmöguleikum fjölgað til að fjölga atvinnutækifærum og renna styrkari stoðum undir byggð. <p>Þingsályktun um landsskipulagsstefnu 2024-2038.</p> <ul style="list-style-type: none"> Skipulagsákvæðanir um ráðstöfun lands til landbúnaðar og annarrar nýtingar byggist á flokkun landbúnaðarlands með tilliti til ræktunarskilyrða, auk landslagsgreiningar og vistgerðaflokkunar. Skipulag gefi kost á að nýta orkuauðlindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Mannvirki vegna orkuvinnslu falli sem best að landslagi og annarri landnotkun. Við greiningu á valkostum vegna nýrrar orkuvinnslu verði leitast við að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúru, landslag, menningarminjar og víðerni.
Náttúru- og menningarminjar Fornminjar.	Hefur stefnan áhrif á fornminjar?	<p>Stefna í aðalskipulagi.</p> <ul style="list-style-type: none"> Stuðlað verði að varðveislu sögu-, náttúru- og menningarminja og annarra umhverfislegra gæða.

5.2 Valkostir

Gildandi aðalskipulag (núll kostur) verður borið saman við hugmyndir um breytt aðalskipulag.

- Breytt skipulag. Landbúnaðarsvæði er breytt í frístundabyggð, verslunar- og þjónustusvæði og iðnaðarsvæði. Heimilt er að vera með 35 frístundalóðir, gistingu og þjónustu fyrir 40 gesti og 4,4 MW virkjun í Tungufljóti.
- Gildandi skipulag – núll kostur. Svæðið verður áfram landbúnaðarsvæði.

5.3 Umhverfisáhrif

Breytt skipulag

Áhrif á land og landslag eru neikvæð. Töluverð uppbygging er heimiluð og breytir hún ásýnd svæðisins og yfirbragði. Mannvirki koma í stað óbyggðs svæðis. Með virkjun í Tungufljóti minnkar vatnsmagn í ánni talsvert á um 300 m kafla frá brú yfir ána og norðan við hana, stífla og lón verða sýnileg. Flúðir árinna minnka/hverfa á kafla.

Hægt er að draga úr ásýnd bygginga með því að gæta samræmis í lita- og efnisvali og að nýta þann gróður sem er til staðar til að halda í náttúrulegt yfirbragð, eða annan íslenskan gróður.

Áhrif á vatn eru neikvæð/óviss. Með virkjun Tungufljóts verða breytingar á vatnsmagni í ánni, ofan brúar. Framkvæmdir verða á bakka árinna og breytingar á honum því tengdar. Búast má við að við framkvæmdir losni jarðvegur og berist niður eftir ánni. Áhrif vegna þessa eru óviss.

Áhrif á dýr eru óviss/neikvæð. Með mannvirkjagerð þá breytast búsvæði fugla og þær tegundir sem nú halda til á svæðinu kunna að fara annað og aðrar að koma í staðinn. Minna vatnsmagn í Tungufljóti hefur líklega neikvæð áhrif á fiskgengd og smádýr.

Áhrif á gróður eru jákvæð/neikvæð. Núverandi gróður raskast að talsverðu leyti vegna mannvirkjagerðar. Svæðið telst vera sæmilegt landbúnaðarland svo ekki er verið að taka gott land úr landbúnaðar-notum. Ekki er að finna votlendi á Bryggju skv. drögum að kortlagningu sveitarfélagsins á votlendi. Settir eru skilmálar fyrir frístundabyggðina að þar megi gróðursetja íslenskar trjátegundir.

Áhrif á heilbrigði eru óveruleg/óviss. Útfæra þarf aðkomu að Bryggju í samráði við Vegagerðina til að tryggja umferðaröryggi. Mikil umferð er um Biskupstungnabraut sem er sunnan Bryggju. Hljóð frá umferð berst inn á svæðið og hefur mögulega áhrif.

Áhrif á samfélag eru jákvæð/neikvæð. Ný frístundabyggð og umferð sem henni fylgir kann að hafa áhrif á íbúa og eigendur frístundahúsa í nágrenninu. Verið er að ýta undir nýja atvinnustarfsemi og atvinnutækifæri. Auk þess sem virkjun framleiðir raforku.

Áhrif á minjar eru óveruleg/óviss. Minjasvæði er á bæjarhól Bryggju. Ekki er gert ráð fyrir að hann verði fyrir raski. Settir eru skilmálar um að í deiliskipulagi fyrir frístundabyggðina skuli taka tillit til minja og helgunarsvæða þeirra.

Gildandi skipulag

Áhrif á land og landslag, vatn, dýr, gróður, heilbrigði og minjar eru engin. Svæðið er óbyggt landbúnaðarsvæði og lítið nýtt. Náttúran fær að þróast mikið til á eigin forsendum. Áhrif á samfélag eru óveruleg.

5.4 Niðurstaða

Þar sem ekki er um gott landbúnaðarland að ræða og skv. drögum að kortlagningu votlendis er ekki að finna votlendi á Bryggju, þá er sveitarfélagið hlynnt því að landið verði tekið undir aðra landnotkun. Mikilvægt er að lágmarka rask á framkvæmdatíma og ganga vel frá svæðinu að framkvæmdum loknum.

6 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Skipulagslýsing var kynnt í lok árs 2023, eftir því sem við á hefur verið tekið tillit til athugasemda.

Aðalskipulagsbreytingin verður kynnt og auglýst með auglýsingu í blöðum/dreifiritum og í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast í skipulagsgátt fyrir auglýstan tímafrest. Breytingin verður auk þess send til eftirtalinna umsagnaraðila:


- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Land og skógur
- Veiðimálastofnun/Fiskistofa
- Brunavarnir Árnassýslu

6.1 Skipulagsferli




Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027

Sveitarfélagsuppdráttur - Breytingar á Bryggju



GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR



BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR

Skýringar

- Afbreytingar- og ferðamannasvæði
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Fristundabyggð
- Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Verslun- og þjónusta
- Íþróttasvæði
- Landbúnaðarsvæði
- Óbyggð svæði
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Fristundabyggð
- Iðnaðarsvæði
- Samfélagsþjónusta
- Vatnsból
- Verslun- og þjónusta
- Stofnvegur
- Tengivegur
- Héraðsvegur
- Á, lækur
- Göngu- og/eða hjóreiðaleið
- Reiðleið
- Svæði sem breyttist

Aðalskipulagsbreyting þessi hefur hlotið málsmeðferð skv. 1. mgr. 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum. Aðalskipulagsbreytingin var samþykkt af sveitarstjórn þann _____

F.h. Bláskógabyggðar

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun _____

Skipulagsgögn:
Gildandi og breyttur sveitarfélagsuppdráttur.
Greinargerð með umhverfismatsskýrslu.



Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027
Sveitarfélagsuppdráttur - Breytingar á Bryggju

Skjalalýkill 103364	Blaðstærð: A4	Unnið: IS	Rýnt: GAL
------------------------	------------------	--------------	--------------

Mælikvarði: 1:50.000	Dags: 04.06.2024	Breytt dags:
-------------------------	---------------------	--------------

